

Ævintýragarður í Mosfellsbæ – deiliskipulag útvistarsvæðis

Greinargerð með skipulagstillögu



Sími: 575 5300

1. INNGANGUR OG MARKMIÐ	5
2. SKIPULAGSSVÆÐIÐ	6
2.1. Almennt	6
2.2. Lýsing á staðháttum	7
3. TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	8
3.1. Aðalskipulag Mosfellsbæjar	8
3.2. Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015-2040	10
3.3. Deiliskipulag	11
3.4. Náttúruminjaskrá	11
4. DEILISKIPULAGSTILLAGAN	14
4.1. Aðkoma og umferð	14
4.2. Miðsvæði	14
4.3. Stígar	14
Aðalstígar, malbikaður stígur	15
Aðrir stígar	15
Aðalhjólastígur	15
Gönguskíðabraut	15
Fjallahjólabraut	15
4.4. Tjaldsvæði	15

4.5. Leiksvæði	15
5. MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM- UMHVERFISSKÝRSLA	16
5.1. Umfjöllun um kosti	17
5.2. Áætlanir á landsvísu og alþjóðlegar samþykktir/	17
5.3. Umhverfisþættir og viðmið	17
5.4. Öflun upplýsinga og aðferðafræði	17
5.5. Umhverfismat	18
5.6. Niðurstaða umhverfismats	22
6. KYNNING OG SAMRÁÐ	22
7. HEIMILDIR	23
8. MYNDASKRÁ	24

Greinargerð þessari fylgir deiliskipulagsuppdráttur og skýringaruppdráttur dagsett 10.05.2021

1. INNGANGUR OG MARKMIÐ



Mynd 1. Deiliskipulagssvæðið og helstu kennileiti.

Mosfellsbær leggur hér fram greinargerð með deiliskipulagstillögu Ævintýragarðs í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og lög um umhverfismat áætlana nr 105/2006. Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum falla varanleg tjaldsvæði og hjólhýsasvæði allt að 10 ha í C-flokk og kunna því að vera háð mati á umhverfisáhrifum. Er það háð mati sveitarstjórnar hvort meta skuli umhverfisáhrif

framkvæmdar, en tillögunni fylgir umhverfisskýrsla. Um er að ræða gerð deiliskipulags á grundvelli verðlaunatillögu í hugmyndasamkeppni um Ævintýragarð sem haldin var árið 2009, þar sem fjallað var um mannvirkjagerð og gróðursetningu á skipulagssvæðinu. Í framhaldi af hugmyndasamkeppninni hefur verið unnið að uppbyggingu Ævintýragarðsins í samráði við vinningshafa samkeppninnar og hafa framkvæmdir staðið yfir frá árinu 2010. Lagning svokallaðs Rósastígs er hafin, Rósatorg hefur verið byggt upp og ætistígur lagður, samgöngustígur boðinn út, auk gróðursetningar, uppbyggingu áningarsvæða, fræðsluskilta og skátaleiktaekja, svo eitthvað sé nefnt. Með deiliskipulagsgerð er markmiðið að móta og staðfesta heildstætt skipulag fyrir garðinn og fá yfirsýn yfir þá uppbyggingu sem þegar er orðin og framundan er á svæðinu. Þannig verður til skýrari stefna um uppbyggingu, forgangsröðun og verkaskiptingu við framkvæmdir. Áætlunin mun fela í sér minniháttar framkvæmdir á hverfisverndarsvæðum, svo sem áframhaldandi gróðursetningu og uppbyggingu göngustíga. Bílastæðum verður fundinn staður í útjaðri svæðisins og einnig ævintýralaut sem verður eins konar miðsvæði í garðinum. Ákvæði um hverfisvernd verða ávallt höfð til grundvallar við skipulagsvinnuna.

Deiliskipulagssvæðið er staðsett í Ullarnesbrekkum og afmarkast af Vesturlandsvegi til austurs, Koldukvísl til norðurs að meðtöldum Suðureyrum og mörkum aðliggjandi deiliskipulaga til suðurs; íþróttasvæðis við Varmá, Varmáskólasvæðis og hestáþróttasvæðis á Varmárbökum. Tunguvegur liggar í gegnum deiliskipulagssvæðið sem er u.b.b. 68,3 ha að stærð og skiptir því svæðinu í two hluta. Í suð-vestur jaðri svæðisins er Varmárvæði, þjónustusvæði 111-S við Varmá með Grunnskóla, íþróttahúsi og leikskóla, og opið svæði til sérstakra nota, 112-O við Varmá, sem er útvistar- og íþróttasvæði og 110-Osg fyrir skolagarða sem nýttir eru sem matjurtargarðar fyrir almenning. Fyrirhugaður ævintýragarður er í næsta nágrenni og í góðum tengslum við mörg af núverandi og framtíðar íbúðarherfum Mosfellsbæjar, svo sem íbúðarsvæði 104-Íb Leirvogstunga sem er í byggingu og 115-Íb Höfða-, Tanga- og Holtahverfi og 301-Íb Ásar og Lönd sem eru nánast eða alveg fullbyggð hverfi. Ævintýragarðurinn í Mosfellsbæ verður öllum opinn og aðgangur ókeypis. Þar verður gert ráð fyrir aðstöðu fyrir ýmsa hópa, þrautabraudum, útileikhúsi, tónleikaaðstöðu og hátiðarsvæði fyrir bæjarbúa. Svæðið verður vel hirt og gróið með náttúrulegu yfirbragði.

Markmið deiliskipulagsins eru eftirfarandi:

- Móta heildstætt skipulag fyrir Ævintýragarðinn og fá yfirsýn yfir þá uppbyggingu sem þegar er orðin og framundan er á svæðinu.
- Afmarka og skilgreina svæði innan deiliskipulagssvæðisins eftir nýtingu þeirra og verndun, svo sem hverfisverndarsvæði, útvistarsvæði, tjaldsvæði og gróðurræktarsvæði.
- Skapa fjölbreytt útvistarsvæði sem eru öllum aðgengileg.
- Ákvarða og skilgreina legu helstu veggtinginga og göngu-, hjóla- og reiðleiða um svæðið og mynda flæði um það.
- Styrkja tengingu byggðar við útvistarsvæðið, skerma svæðið af frá nærliggjandi umferðaráðum með gróðri og stýra aðkomu bílaumferðar frá jóðrum þess.
- Tryggja verndarsvæði og vatnsvið Varmár og Köldukvíslar fyrir hverskonar mengun og ágangi.
- Styrkja samspil og tengingu Ævintýragarðsins við aðliggjandi svæði þ.e. Varmárvæðið og Varmárósa, Leirvogstungu og aðliggjandi íbúðarsvæði á öllum árstínum.
- Að náttúrusvæði og votlendi verði óhreyfð og uppbyggingu beint utan áhugaverðra náttúrvæða.

2. SKIPULAGSSVÆÐIÐ

2.1. Almennt

Deiliskipulagssvæðið er skilgreint í aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030 sem opíð svæði til sérstakra nota auk þess sem 110-Osg skólagarðar og hluti Varmárvæðis 111-S fellur innan svæðisins. Stór hluti svæðisins er skilgreindur sem

¹ <https://www.ust.is/einstaklingar/nattura/fridlyst-svaedi/sudvesturland/tungufoss-mosfellsbae/>

hverfisverndarsvæði, 203-Hv Kaldakvísl, og 304-Hv Varmá. Varmá er einnig á náttúruminjaskrá undir aðrar náttúruminjar, nr. 139 (Varmá) og það sama á við um Leiruvog, nr. 131 sem er að hluta innan deiliskipulagssvæðisins. Tungufoss í Köldukvísl og nánasta umhverfi hans er innan deiliskipulagssvæðisins og var fossinn friðlýstur sem náttúruvætti af Umhverfisráðherra árið 2013.¹ Í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 segir um opin svæði:

Svæði fyrir útvist, aðallega í tengslum við þéttbýli, með aðstöðu sem almennri útvist tilheyrir, svo sem stígum og áningaráðum, auk þjónustu sem veitt er á forsendum útvistar. Um hverfisvernd segir í skipulagsreglugerð: Svæði þar sem sveitarstjórn hefur sett ákvæði um hverfisvernd til að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminjar, landslag eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum.



Mynd 2. Börn að leik í skátaleiktækjum. Mynd: Landmótun.

Í 12. gr skipulagslaga segir enn fremur:


Ef talin er þörf á að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminjar, náttúrufar eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis við gerð skipulagsáætlunar, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum, skal setja í viðkomandi skipulagsáætlun ákvæði um hverfisvernd.

Almenn hverfisverndarákvæði í aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030 eru eftirfarandi:

Taka skal sérstakt tillit til þess sem vernda á hverju svæði áður en leyfi er gefið fyrir framkvæmdum sem kunna að hafa í för með sér jarðrask eða varanlega breytingu á svæðinu, þannig að tryggt verði að verndarmarkmið náist. Á hverfisverndarsvæðum verða hefðbundnar landnytjar áfram heimilar svo og gerð, viðhald og endurbætur nauðsynlegra mannvirkja vegna nýtingar landsins.

2.2. Lýsing á staðháttum

Umfjöllun hér á eftir um grunnástand umhverfis er hluti af forsenduöflun fyrir greinargerð deiliskipulagsins. Stór hluti deiliskipulagssvæðisins fellur innan hverfisverndarsvæðis sem setur framkvæmdum á þeim svæðum ákveðnar skorður og undirstrikar mikilvægi þess að vandað sé til deiliskipulagsgerðarinnar frá upphafi. Við gerð deiliskipulags verður stuðst við fyrirliggjandi gögn og úttektir á svæðinu er kemur að náttúrufari, svo sem gróðurfari, dýralífi, landslagi og jarðfræði. Skráning fornleifa í Mosfellsbæ fór fram á vegum Þjóðminjasafns Íslands árin 2000 og 2001 og skýrla um skráninguna var gefin út árið 2006.² Sú skráning er komin til ára sinna og samræmist ekki nágildandi stöðulum Minjastofnunar Íslands um skráningu fornleifa svo haft verður samráð við stofnunina um fullnægjandi fornleifaskráningu svæðisins við deiliskipulagsgerðina. Ekki hafa verið gerðar sérstakar veðurmaelingar á deiliskipulagssvæðinu. Samkvæmt vindatlas Veðurstofu Íslands eru ríkjandi vindáttir á svæðinu austan og suðaustanáttir (SSA, SA, ASA). Deiliskipulagssvæðið liggar á milli Koldukvíslar og Varmár og niður að ósum ána. Svæðið er í nokkrum halla og fer frá sjávarmáli og upp í um 45 metra hæð yfir sjávarmáli þar sem það er hæst. Einkennandi fyrir svæðið eru árnar og votlendi niður við ströndina, á Suðureyrum og í Skaftatungu, og þegar ofar í landið er komið tekur við skógrækt og alaskalúpína.



Mynd 3. Vindatlas Veðurstofu Íslands sem gefur hugmynd um vindafar á svæðinu.

Dýralíf á skipulagssvæðinu einkennist af fjölbreyttu og ríkulegu fuglalífi í fjörunni og við Varmárosa. Blikastaðakró-Leiruvogur er tilnefnt á náttúruminjaskrá Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna fugla. Svæðið er mikilvægt fuglasvæði, einkum á fartíma margæsa á vorin og fæðusvæði sendlinga að vetri. Deiliskipulagssvæðið er rúmlega 68 ha og flokkast stærstur hluti svæðisins sem gróið land. Gróðurþekja

² Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner, Guðmundur Ólafsson, Águst Ó. Georgsson, Kristinn

Magnússon og Bjarni F. Einarsson, 2006.

er nokkuð samfellt og er útbreiddasta gróðurlendið ræktað skóglendi, alaskalúpína og mosagróður. Þarna er einnig að finna nokkuð af vistgerðum sem hafa hátt eða mjög hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningssins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfust verndar, svo sem starungsmýrarvist, snarrótavist, grasmórist, gulstararfloávist og loks sjávarfitjungavist sem er allsráðandi á Suðureyrum, en vistgerðin hefur hátt verndargildi og er mikilvægt fæðu oflunarsvæði, einkum fyrir andfugla og vaðfugla.³



Mynd 4. Uppgræðsla er hafin á hluta skipulagssvæðisins. Mynd: Landmótun.

3. TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Hér verður farið yfir tengsl deiliskipulagsins við aðrar áætlanir og efni og helstu stefnumið þeirra áætlana.

3.1. Aðalskipulag Mosfellsbæjar



Mynd 5. Hluti af Aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030.

Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2011-2030 var staðfest af ráðherra þann 19. september 2013. Þar er deiliskipulagssvæðið skilgreint sem opið svæði til sérstakra

³ Vistgerðarkort Náttúrufræðistofnunar Íslands.

<http://vistgerdakort.ni.is/index.html?extent=359137.7732%2C406755.9109%2C371837.7986%2C413707.8519%2C3057>

nota 109-Oú Ævintýragarður og 110-Osg fyrir skólagarða. Hluti svæðisins er hverfisverndaður og er á náttúruminjaskrá. Um hverfisverndarsvæði 203-Hv *Kaldakvísl* segir í aðalskipulaginu: *hverfisverndarsvæðið er um 100 m breitt belti beggja vegna Köldukvíslar þar sem hún rennur frá upptökum sínum austan Grímannsfells um Mosfellsdal. Þar sem Kaldakvísl fellur til sjávar neðan Vesturlandsvegar sunnan Leirvogstungu er hverfisverndarsvæðið sunnan árinnar 100 m. Þar sem núverandi byggð eða fyrirliggjandi deiliskipulag er nær ánni tekur hverfisverndarsvæðið mið af því.* Hluti svæðisins, Leiruvogur, er á náttúruminjaskrá (nr. 131), þar sem segir: 131. *Leiruvogur, Mosfellsbæ.* (1) Óshólmars Leirvogsár, ásamt strandlengju, fjörum og grunnsævi út að Blikastaðakró og Gunnunesi. (2) *Fjölbreytilegur strandgróður, lfríkar fjörur, mikið fuglalif.* Um hverfisverndarsvæði 304-HV Varmá segir í aðalskipulaginu: *Hverfisverndarsvæðið er um 50 m breitt belti beggja vegna Varmárs þar sem hún rennur frá upptökum sínum um Reykjahverfi, Álafosskvos og við rætur Ullarnesbrekku til sjávar. Þar sem núverandi byggð eða fyrirliggjandi deiliskipulag er nær ánni, eins og t.d. innan þéttbýlis við Varmá, tekur hverfisverndarsvæðið mið af því. Varmá er á náttúruminjaskrá (nr.139).* Þar segir: 139. *Varmá, Mosfellsbæ.* (1) *Varmá frá upptökum til ósa.* (2) *Varmá er eitt fárra varmavatna á landinu og hefur mikið vísindalegt gildi.* Friðlýst 2012.

Eftirfarandi eru hverfisverndarákvæði við árnar úr aðalskipulagi Mosfellsbæjar og eiga ávæðin við um hverfisverndarsvæðin við Köldukvísl og Varmá:

- Gróður skal þróast á eigin forsendum og ekki skal raska jarðmyndunum.
- Ekki er leyfð framræsla votlendis.
- Skógrækt skal halda í lágmarki.
- Á hverfisverndarsvæðum Varmárs og Köldukvíslar neðan Vesturlandsvegar, sem verða innan Ævintýragarðs, skal gróðursetning, trjárækt og mannvirkjagerð vera í samræmi við ítarlega skipulagsáætlun, sem hljóti samþykki umhverfis- og skipulagsnefnda.
- Stuðla skal að bættu aðgengi fyrir fótgangandi vegfarendur.
- Þar sem aðstæður leyfa skal stuðla að umhverfisfræðslu með skiltum og fræðslustígum.
- Mannvirkjagerð er takmörkuð innan svæðisins en gert er ráð fyrir að um það liggi göngu- og reiðstígar. Stígar skulu fyrst og fremst vera malarstígar nema um

sé að ræða megininstíga skv. aðalskipulagi og skulu þeir falla vel að landi. Vanda skal útfærslu nauðsynlegra göngubrúa og forðast umhverfisskemmdir eins og kostur er.

- Þar sem vegir þvera hverfisverndarsvæði samkvæmt aðalskipulagi skal vanda útfærslu brúa, lágmarka rask á vatnsbökkum og vanda umhverfisfrágang.
- Ofanvatni af föstum flötum (þökum, götum, bílastæðum) í nýrri byggð skal ekki veitt óhreinsuðu í árnar.

Um hverfisverndarsvæði 105-Hv *Leirvogur, óshólmars Leirvogsár, ásamt strandlengju og fjörum út að Blikastaðakró* gilda eftirfarandi ákvæði, skv. aðalskipulagi Mosfellsbæjar:

- Ekki skal raska jarðmyndunum.
- Ekki er leyfð framræsla votlendis.
- Skógrækt skal halda í lágmarki.
- Stuðla skal að bættu aðgengi fyrir fótgangandi vegfarendur.
- Þar sem aðstæður leyfa skal stuðla að umhverfisfræðslu með skiltum og fræðslustígum.
- Mannvirkjagerð er takmörkuð innan svæðisins en gert er ráð fyrir að um það liggi göngu- og reiðstígar. Stígar skulu fyrst og fremst vera malarstígar nema um sé að ræða megininstíga skv. aðalskipulagi og skulu þeir falla vel að landi.


Við Varmárósa og Suðureyrar koma saman land, haf og vatn, og við það skapast aðstæður fyrir náttúrulegan fjölbreytileika, búsvæði fjölmargra villtra plantna og dýra. Með verndun svæðisins er staða þess og sá fjölbreytileiki sem það býr yfir



Mynd 6. Horft yfir hluta deiliskipulagsvæðisins. Mynd: Landmótun.

tryggður, náttúrlegu svæði í jaðri þéttbýlisins er viðhaldið og með því er stuðlað að tengslum manns og náttúru.

3.2. Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015-2040



Mynd 7. Skýringarmynd úr Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2015-2040.

Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins var staðfest af Skipulagsstofnun þann 29. júní 2015. Í stefnu skipulagsins um heilnæmt umhverfi og heilbrigrt líf (leiðarljós 4) kemur fram að „nálægð við útvistarsvæði og náttúrulegt umhverfi eru undirstaða þeirra lífsgæða sem felast í að búa á höfuðborgarsvæðinu og marka sérstöðu svæðisins umfram önnur borgarsvæði. Mikilvægt er að vernda óskert náttúrusvæði og tryggja að aukin ásókn skerði ekki verndargildi.“ Vefur útvistarsvæða gefur fólk kost á og hvetur til reglulegrar hreyfingar í daglegum athöfnum og endurnæringu, náttúruupplifunar og jákvæðra, félagslegra samskipta í frítíma. Mikilvægt er að tryggja gott aðgengi íbúa höfuðborgarsvæðisins að fjölbreyttum

strandsvæðum og greiðfæra leið milli þeirra og Græna trefilsins, en í jaðri deiliskipulagssvæðisins mynda Varmá og Kaldakvísl umhverfi ánna svokallaða græna þræði frá fjöru til fjalla sem tengja strandlengjuna og Bláþráðinn við Græna trefilinn sem vefur sig utan um höfuðborgarsvæðið. Samkvæmt svæðisskipulaginu skal gera strandlengjuna eins aðgengilega og kostur er með samfelldum hjóla- og göngustígum. Leiðarljós 5 í svæðisskipulaginu er að gott nærumhverfi eykur gæði borgarbyggðar. Góð almenningsrými hvetja íbúa til aukinnar útiveru og stuðla að bættri lýðheilsu. Mikilvægt er að þróun byggðar og almenningsrýma dragi úr neikvæðum veðuráhrifum og stuðli að góðu aðgengi að sólríkum og skjólsælum svæðum.



Mynd 8. Horft yfir hluta deiliskipulagssvæðisins. Mynd: Landmótun.

3.3. Deiliskipulag

Svæðið hefur ekki verið deiliskipulagt áður en vinningstillaga í hugmyndasamkeppni um skipulag Ævintýragarðs sem haldin var árið 2009 er höfð til grundvallar við deiliskipulagsgerðina.

3.4. Náttúruminjaskrá

Hluti deiliskipulagssvæðisins, Suðureyrar og Varmá eru á náttúruminjaskrá Umhverfisstofnunar nr. 131 og 139, flokkað sem aðrar náttúruminjar sem hafa ekki verið friðlýstar, þar segir:

131. Leiruvogur, Mosfellsbæ. (1) Óshólmar Leirvogsár, ásamt strandlengju, fjörum og grunnsævi út að Blikastaðakró og Gunnunesi. (2) Fjölbreytilegur strandgróður, lifríkar fjörur, mikið fuglalíf.

139. Varmárósar, Mosfellsbæ. (1) Varmá frá upptökum til ósa. (2) Varmá er eitt fárra varmatvna á landinu og hefur mikið ví sindalegt gild, friðlyst 1980 en friðlysingin var endurskoðuð 2012 og 2021.

Leiruvogur er einnig hluti svæðisins Blikastaðakró – Leiruvogur á tillögu að svæðum á framkvæmdaáætlun (B-hluta) Náttúrufraðistofnunar Íslands (B-hluti, skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlysingu eða friðun á næstu fimm árum), þar sem segir:

Svæðið afmarkast að vestan við Geldinganesi og Gunnunes og nær inn voginn til austurs, ásamt fjörum og sjávarfitjum. Svæðið einkennist af grunnsævi og víðáttumiklum leirum. Fyrir botni Leiruvogs eru einnig miklar sjávarfitjar. Útivist, þar á meðal golf og hestamennska. Forsendur fyrir valinu er að svæðið er mikilvægt fuglasvæði, einkum á fartíma margæsa á vorin og fæðusvæði fyrir sendlinga að vetri og ná tegundirnar þá alþjóðlegum verndarviðmiðum. Koma þarf í veg fyrir



Mynd 9. Hluti núverandi stígakerfis á skipulagssvæðinu. Mynd: Landmótun.

röskun fjörusvæða og að byggð teygi sig nær fjörusvæðum en nú er.⁴ Þá er svæðið Blikastaðakró-Leiruvogur (FG-V4) einnig á lista Náttúrufræðistofnunar Íslands yfir mikilvæg fuglasvæði.

Umhverfisráðherra ákvað árið 2013 skv. tillögu sveitarfélagsins Mosfellsbæjar og að fengnu álití Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands að friðlýsa Tungufoss og nánasta umhverfi hans. Landsvæðið er friðlýst sem náttúruverðattí, skv. 2. tölul. 1. mgr. 53. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Tungufoss er fallegur foss neðarlega í Koldukvísl í Mosfellsbæ, á móts við Leirvogstungu og dregur fossinn nafn sitt af bæjarnafninu. Við Tungufoss má sjá leifar af heimaráfstöð sem var reist árið 1930 af bón danum í Leirvogstungu og bræðrum hans og framleiddi stöðin rafmagn fyrir bæinn fram til ársins 1958. Tveir fallegir hyllir eru neðan við Tungufoss: Kerið, sem er beint fyrir neðan fossinn, og Klapparhylur litlu neðar. Nærsvæði fossins er vinsælt til útvistar en hið friðlýsta svæði er 1,4 hektarar að stærð. Markmiðið með friðlýsingu Tungufoss sem náttúruverðattí er að vernda fossinn sjálfan sem og menningarminjar innan svæðisins. Svæðið hefur mikið útvistargildi enda fjölsótt bæði af bæjarbúum og öðrum gestum og mikilvægt að treysta útvistar- og fræðslugildi þess.⁵

Um framkvæmdir og nýtingu á náttúruverndarsvæðum fer samkvæmt 37. gr náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Þar sem segir:

Ráðherra er heimilt að kveða á um tímabundið bann við framkvæmdum eða nýtingu sem skaðað getur verndargildi náttúruminja sem teknar eru á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár (B-hluta). Bannið gildir í þrjá mánuði. Ráðherra er að þeim tíma loknum heimilt að ítreka bannið með sérstakri ákvörðun og gildir það þá þar til auglýsing um friðlýsingum eða friðun hefur verið birt en verði ekki af friðlýsingum eða friðun innan eins árs frá hinu upphaflega banni fellur það niður. Forðast ber að raska svæðum eða náttúrumyndunum sem skráðar hafa verið á C-hluta náttúruminjaskrár nema almannahagsmunir krefjist þess og annarra kosta hafi verið leitað. Skyld er að afla framkvæmdaleyfis, eða

⁴ <https://www.ni.is/greinar/sv-blikastadakro-leiruvogur>

⁵ <https://www.ust.is/einstaklingar/natura/fridlyst-svaedi/sudvesturland/tungufoss-mosfellsbae/>

⁶ Lög um náttúruvernd nr. 60/2013. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html>

eftir atvikum byggingarleyfis, sbr. skipulagslög og lög um mannvirkni, vegna framkvæmda sem hafa í för með sér slíka röskun. Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og viðkomandi náttúruverndarnefndar nema fyrir liggi staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag þar sem umsagnir skv. 1. og 2. mgr. 68. gr. liggja fyrir. Sýna skal sérstaka aðgæslu gagnvart vistgerðum, vistkerfum og tegundum á C-hluta náttúruminjaskrár til að koma í veg fyrir að náttúruleg útbreiðslusvæði eða búsvæði minnki og verndarstaða þeirra versni.⁶

Deiliskipulagssvæðið liggur í nálægð við Varmárósa sem voru friðlýstir árið 1980 sem friðland. Markmið friðlýsingarinnar er að vernda og viðhalsa fitjasafi (*Juncus gerardii*, sem er á válista sem tegund í yfirvandi hættu og nýtur tegundin sérstakrar verndar sbr. auglýsingum um friðlýsingum nokkurra plöntutegunda nr. 184/1978) og búsvæði þess sem og náttúrulegu ástandi votlendis Varmárósa ásamt sérstöku gróðurfari sem þar er. Friðlýsingin á einnig að tryggja rannsóknir og vöktun á lífríki svæðisins og treysta útvistar-, rannsókna- og fræðslugildi svæðisins.⁷



Mynd 10. Varmá. Mynd: Landmótun.

4. DEILISKIPULAGSTILLAGAN

4.1. Aðkoma og umferð

Mikilvægt er að huga vel að göngu- og hjólatengingum svæðisins við núverandi og framtíðar íbúðarbyggð í sveitarfélaginu.

Þá eru einnig góðar reiðleiðir um svæðið en hestamannafélagið Hörður hefur sína aðstöðu vestan við ævintýragarðinn.

Aðal aðkoma bílaumferðar er frá jöðrum garðsins, um Tunguveg og frá Vesturlandsvegi, en þaðan er líka þjónustuaðkoma að miðsvæði, stóru opnu svæði sem gefur margvíslega möguleika. Frá Tunguvegi tengist tjaldsvæði.

Bílastæði verða við aðalaðkomuvegina við Tunguveg og við Vesturlandsveg, auk þess sem gengt er af bílastæðum við Varmárskóla og Hlégarð. Við Vesturlandsveg verða um 31 föst bílastæði og 56 frá Tunguvegi. Stæðin eru í afmörkuðum einingum og felld inn í landið þannig að lítið ber á þeim frá Ævintýragarðinum.

4.2. Miðsvæði

Neðan við aðkomuna frá Vesturlandsvegi liggur miðsvæði garðsins sem er fjölnota svæði fyrir menningarviðburði s.s. útileikhús, ljóðalestur, söngskemmtanir svo og stærri atburði eins og tónleikahald, markaðsdaga, minni íþróttaviðburði og sýningarsvæði fyrir útilistaverk svo eitthvað sé nefnt, hjartað í garðinum. Jafnframt hentar svæðið vel til almennrar útvistar þar sem boðið er upp á fjölbreyttar gönguleiðir, leik og dvalarsvæði innan um gróður og hæðir sem skapa rými og skjól.

B1- Afmarkaður er byggingarreitur B1 fyrir þjónustubyggingu, verslunar- og veitingarekstur.

- Heimilt er að reisa allt að 150 m² þjónustuhús.
- Hámarks hæð í mæni 5,5 m frá aðkomuhæð.
- Þakhalli er frjáls.
- Þakkantur má ganga allt að 1 m út fyrir byggingarreit.

B2 – afmarkaður er byggingarreitur fyrir salerni, allt að 15 m².

- Heimilt er að reisa allt að 15 m² þjónustuhús.
- Hámarks hæð í mæni 5,5 m frá aðkomuhæð.
- Þakhalli er frjáls.
- Þakkantur má ganga allt að 1 m út fyrir byggingarreit.

4.3. Matjurtagarðar

Afmarkað er um 0,4 ha svæði fyrir matjurtagarða sem er staðsettur neðan við gagnfræðiskólann, með góðum göngutengingum. Við svæðið er gert ráð fyrir litum byggingarreit fyrir litlu allt að 50 m² geymsluhúsnæði.

- Heimilt er að reisa allt að 50 m² geymsluhús.
- Hámarks hæð í mæni 3,5 m frá aðkomuhæð.
- Þakhalli er frjáls.
- Þakkantur má ganga allt að 1 m út fyrir byggingarreit.

4.4. Fuglaskoðunarhús

Gert er ráð fyrir byggingarreit B5 fyrir litlu fuglaskoðunarhúsi við enda votlendisstigs við Leirvoginn.

4.5. Stígar

Um svæðið liggur yfirgripsmikið stígakerfi sem þjónar ólíkum ferðamátum og ólíkum þörfum. Þeim er skipt upp í 8 flokka eftir gerð þeirra og tegund umferðar um þá. Stígakerfið myndar flæði og er markvisst hannað fyrir mismunandi upplifun, og miðast við þarfir hvers og eins. Núverandi stígar skulu endurskoðaðir með tillit til þess. Við áningastaði og dvalarsvæði verður sérstaklega unnið með yfirborðsmerkingar þannig að blindir, sjónskertir og hreyfihamlaðir eigi auðvelt með að ferðast um svæðið.

Aðalstígar, malbikaður stígar

Aðal samgönguæðar sem liggja í gegnum ævintýragarðinn. Breiðir malbikaðir stígar sem anna mestri umferð. Rósastígrunn liggur eftir svæðinu endilöngu og er prýddur áttblaðarósum mynstur sem sótt er í fornt rósaleppaprjón.

Aðrir stígar

Aðrir stígar eru minni stígar sem liggja um svæðið og skapa ævintýrabrag garðsins. Þetta getur verið ætistígr sem liggur meðfram matjurtagarðunum. Þar verður komið fyrir fjölbreyttum ætum gróðri þar sem hægt er að narta í ber eða súru á mismunandi árstíma. Rifsber, sólber, stikkilsber, krækiber, bláber, hrútaber, rabarbara, hundasúru, blóðberg, piparmyntu, kúmen og graslauk.

Kurlaður stígar – sem eru fáfarnari stígar með yfirborðslagi úr trjákurli. Votlendisstígr – Upphækkaður viðarpallur þar sem stígrunn liggur um votlendið m.a. við Leirvoginn verður hann að timburstig sem svífur yfir landinu. Að lokum er klifið upp í turn þar sem við blasir náttúran, fuglar eða stjörnurnar.

Stígrunn byrjar í Álafosskvosinni þar sem ullin var unnin, þaðan spinnst þráðurinn og tengist hjarta hátiðarsvæðisins. Hann liggur í mjúkum boga meðfram Varmánni að útsýnis-/leikjaturni upp á melnum og sveigir niður í bugðu við ána í í kyrrlátu umhverfi þar sem við tekur völundarhús.

Mynstrið í rósastíginn getur verið úr plasti frá Reykjalandi, götumálningu eða óðrum efnum eftir því hvað við á hverju sinni. Meðfram stígum eru dvalarsvæði og áningastaðir, útfærðir með munstrinu og við þá eru gróðursettir rósarunnar frá Mosfellsdal.

Aðalhjólastígr

Samgöngustígr sem liggur í gegnum ævintýragarðinn. Breiðir malbikaðir stígar sem anna mestri umferð.

Gönguskíðabraud

Lega sýnd til skýringar, hluti brautarinnar liggur fyrir utan deiliskipulagssvæðið.

Fjallahjólabraut

Lega á deiliskipulagsuppdraætti sýnd til viðmiðunar.

4.6. Tjaldsvæði

Við þjónustumiðstöðina við Tunguveg er reiknað með allt að 56 bílastæðum og 4,0 ha svæði fyrir tjaldsvæði og leiksvæði.

Byggingarnar eru hluti af umhverfinu þar sem náttúrufræðistofa og þjónustubygging fyrir tjaldsvæði mynda eina heild. Bílastæði eru samnýtt auch þess sem tjaldsvæðið gæti nýst skátum og skólum að vetri til. Byggingar falla inn í „mön“ sem afmarkar svæðið og veitir skjól til norðurs. Byggingarnar skulu að vera sem mest „gegnsæjar“ þannig að útsýnið að Tungufossi verði óskert. Gert er ráð fyrir um 100 tjaldsvæðum, hluti með rafmagnstengingu fyrir ferðavagna. Gert er ráð fyrir hreinlætisaðstöðu fyrir þjónustubyggingu. Samkvæmt viðmiðum Umhverfisstofnunar þá þykir hæfilegt að 2-3 salerni fyrir hverja 250-400 gesti. Í reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002 gr. 32 er fjallað um þau skilyrði sem svæði þarf að uppfylla varðandi búnað hreinlætis o.fl.

B3- Afmarkaður er byggingarreitur B3 fyrir þjónustubyggingu við tjaldsvæði.

- Heimilt er að reisa allt að 500 m² þjónustuhús.
- Hámarks hæð í mæni 5,5 m frá aðkomuhæð.
- Þakhalli er frjáls.
- Þakkantur má ganga allt að 1 m út fyrir byggingarreit.

4.7. Leiksvæði

Uppbygging leiksvæða verður mest á miðsvæði en einnig er gert ráð fyrir minni leiksvæðum á jöðrunum. Hugmyndin er að leiktæki við Lautirnar verði með innbyggðri tölvutækni. Leiktæki sem byggja á tölvutækni virkja börn í hreyfingu gegnum "tölvuleiki". Á jaðarsvæðum gætu verið einfaldari leiktæki. Reiknað er

með leiktækjum fyrir alla aldurshópa. Yfirborð leiksvæða er með gúmmífirborði (tartan). Hér er hægt að vinna með liti sem auðvelda sjónskertum að nota svæðin. Útsýnis/leikjaturn liggar uppi á útsýnishólnum við Tunguveg, með yfirsýn til allra átta.

Asparskógrinn skilur á milli náttúrusvæðisins og ævintýralandsins og myndar umgjörð utan um útsýnishólinn. Asparskógrinn lokar svæðinu frá fyrirhuguðum Tunguvegi. Skógrinn er hæstur næst útsýnishólnum en lækkar svo til vesturs þegar nær dregur votlendissvæðinu þar sem elri verður ríkjandi tegund.

Umhverfisfræðsla.

Gott aðgengi er frá náttúrufræðistofunni að hinum mismunandi svæðum sem nýta má í heild sinni til náttúrufræðikennslu, þar sem áningarstaðir og dvalarsvæði eru um leið útkennslustofur. Á svæðinu má finna fjölbreyttan gróður s.s. gróskumikið graslendi, samfelldan mosagróður og blómlendi. Árnar eru mikilvægar fyrir fugla Leirvogstunga og Varmárósar er mikilvægur hvíldar- og setstaður fyrir farfugla.

þrekstöðvar

Lagt er til að þrekstöðvum fyrir mismunandi æfingar (t.d. tröppubrek, hopp, lyftur, armbeygjur o.fl.) verði komið fyrir á nokkrum stöðum á svæðinu sem hluti af æfingakerfi fyrir skipulagða íþróttastarfsemi og almenningsíþróttir í bænum. Æfingakerfið yrði byggt upp í tengslum við stígakerfi Mosfellsbæjar og tengist íþróttamiðstöðinni við Varmá. Einnig er gert ráð fyrir þrektröppum, Himnastiga, sem liggja frá aðalgöngustíg í átt að Vesturlandsvegi.

Skíða- og sleðabrekkur

Gert er ráð fyrir skiða- eða sleðabrekum á tveimur stöðum innan skiplagssvæðisins þar sem möguleiki er á að vera með lýsingu og setja upp lítil lyftumannvirki.

5. MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM- UMHVERFISSKÝRSLA

Skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 falla varanleg tjaldsvæði og hjólhýsasvæði allt að 10 ha í C-flokk og kunna því að vera háð mati á umhverfisáhrifum, og er það háð mati sveitarstjórnar hvort meta skuli umhverfisáhrif framkvæmdar. Framkvæmdir sem tilgreindar eru í flokki B og flokki C í 1. viðauka við löginn skulu háðar mati á umhverfisáhrifum þegar þær geta haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar.

Tjaldsvæðið verður staðsett á þegar röskuðu svæði í jaðri Ævintýragarðsins, í nálægð við Vármárskóla, utan hverfisverndarsvæða. Stærð fyrirhugaðs tjaldsvæðis eru um 1 ha og því mun fylgja þjónustubygging. Tjaldsvæðið verður á þegar röskuðu svæði en undirbyggja þarf tjaldsvæði og móta landið, þökuleggja, gróðursetja og malbika aðkomu og bílastæði.

Aðrir þættir deiliskipulagsins sem taldir eru geta valdið umhverfisáhrifum, eru bygging stíga og búnaðar fyrir ferðamenn, bílastæði, vegagerð og efnistaka. Út frá þeim aðstæðum sem eru á skipulagssvæðinu voru umhverfisþættir valdir og eru hugsanleg áhrif af skipulagsáætluninni mismikil á umhverfisþætti. Við greiningu á þeim þáttum sem geta orðið fyrir umhverfisáhrifum var ákveðið að meta eftirfarandi umhverfisþætti:

- Land/Sjávarbotn
- Vatn og sjó
- Vistkerfi
- Heilsu
- Hagræna og félagslega þætti
- Náttúru- og menningarminjar
- Landslag

Val á þessum umhverfisþáttum byggist á greiningu á því hvaða þættir umhverfisins gætu orðið fyrir áhrifum vegna deiliskipulagsins. Greint verður frá mögulegum mótvægisáðgerðum og vöktun ef í ljós kemur að umhverfisáhrif í einhverjum af áður töldum þáttum eru talin veruleg.

Við greiningu á einkennum og vægi hugsanlegra umhverfisáhrifa verður notast við þau hugtök sem eru skilgreind í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun

umhverfisþáttu, viðmið, einkenni og vægi áhrifa. Við matið verður notast við þær skilgreiningar á vægi áhrifa sem fram kemur í töflu hér að neðan. Hafa ber í huga nákvæmni áætlunarinnar þegar framkvæmt er mat á vægi áhrifa.

Vægi áhrifa		Skýring
Jákvæð	+	Jákvæð áhrif á umhverfisþátt
Óveruleg	0	Óveruleg áhrif á umhverfisþátt
Neikvæð	-	Neikvæð áhrif á umhverfisþátt

Tafla 1 Skilgreining á vægi áhrifa við umhverfismat deiliskipulagsins.



Mynd 11. Votsvæði. Mynd: Landmótun.

5.1. Umfjöllun um kosti

Við mat á umhverfisáhrifum áætlunarinnar verður gerður samanburður við „núllkost,” sem felst í óbreyttu ástandi.

5.2. Áætlanir á landsvísu og alþjóðlegar samþykktir/

Sjá umfjöllun í kafla 2.2 um staðhætti og kafla 3 tengsl við aðrar áætlanir.

5.3. Umhverfisþættir og viðmið

Við tillögugerð og umhverfisskýrslu verður horft til og tekið mið af eftirfarandi áætlunum, lögum, reglugerðum og matssprungum.

5.4. Öflun upplýsinga og aðferðafræði

Við mat á umhverfisáhrifum er sem fyrr segir unnið eftir lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar, annars vegar um umhverfismat áætlana og hins vegar um flokkun umhverfisþáttu, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Framsetning verður í formi texta og/eða venslataflna.

5.5. Umhverfismat

	Tjaldsvæði við			
Umhverfisþættir	Núll-kostur	Tillaga	Lýsing	Viðmið
Land/sjávarbotn	0	0	<p>Hefur áhrif á land með uppbyggingu stíga og aukinni trjárækt. Sú uppbygging verður utan verndarsvæða og svæða sem búa yfir sérstöðu, t.d. vegna vistgerða. Í grennd við verndarsvæði verðum uppbyggingu haldið í lágmarki og hún helst til þess gerð að vernda svæðin fyrir ágangi, t.d. með lagningu stíga og merktra gönguleiða.</p> <p>Ekki eru verndaðar jarðmyndanir á deiliskipulagssvæðinu.</p>	<ul style="list-style-type: none"> -Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2011-2030. Umhverfismál. Leggja skal áherslu á varðveislu óspilltrar náttúru. Umgengni á vatnsverndarsvæðum og nýting þeirra skal vera í samræmi við Samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla (nr. 636/12. nóv. 1997) -3 gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd (Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni.) -Náttúruverndaráætlun. -Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020. -Vatnalög nr. 20/2006 -Aðgerðáætlun í loftslagsmálum 2018-2030 -Staðardagskrá 21, Mosfellsbær – sjálfbært samfélag. Stefnumótun Mosfellsbæjar til 2020. -Heimsmarkmiðin Markmið Sameinuðu Þjóðanna um sjálfbæra þróun. -Lög um stjórn vatnamála 36/2011. -Samningur um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979). -Samningur um líffræðilega fjölbreytni (Ríó 1992). -Rammasamningur sameinuðu þjóðanna um Loftslagsbreytingar -Kýtóbókunin 1997-2020. Parísarsamkomulagið 2021-2030
Vatn og sjór	0	0	<p>Á skipulagssvæðinu eru friðlýst verndarsvæði og náttúrvætti og svæði á náttúrumínjaskrá. Við deiliskipulagsgerðina hefur þess verið gætt að beina uppbyggingu og framkvæmdum frá þessum svæðum til að raska þeim ekki. Svæðin eru eftir atvikum gerð aðgengileg svo fólk megi njóta þeirra, en með góðum og öruggum innviðum er það gert án þess að umhverfið beri skaða af .</p>	<ul style="list-style-type: none"> -Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2011-2030. Umhverfismál. Leggja skal áherslu á varðveislu óspilltrar náttúru. Umgengni á vatnsverndarsvæðum og nýting þeirra skal vera í samræmi við Samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla (nr. 636/12. nóv. 1997) -3 gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd (Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni.) -Náttúruverndaráætlun. -Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020. -Vatnalög nr. 20/2006

			<ul style="list-style-type: none"> -Reglugerð nr. 798/1999 um fráveit og skólp -Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns -Staðardagskrá 21, Mosfellsbær – sjálfbært samfélag. Stefnumótun Mosfellsbæjar til 2020. -Heimsmarkmiðin Markmið Sameinuðu Þjóðanna um sjálfbæra þróun. -Lög um stjórn vatnamála 36/2011. -Samningur um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979). -Samningur um líffræðilega fjölbreytni (Ríó 1992). -Rammassamningur sameinuðu þjóðanna um Loftslagsbreytingar -Kýótóbókunin 1997-2020. Parísarsamkomulagið 2021-2030
Vistkerfi	0	Á hluta skipulagssvæðis er að finna sjávarfitjungavist sem hefur hátt verndargildi og er náttúrufyrirbæri sem fellur undir sérstaka vernd viskerfa og jarðminja samkvæmt 61. grein laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Þeim hluta svæðisins verður ekki raskað. Mögulega verða sett upp fræðsluskilti.	<ul style="list-style-type: none"> -Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2011-2030. Umhverfismál. Leggja skal áherslu á varðveislu óspilltrar náttúru. Umgengni á vatnsverndarsvæðum og nýting þeirra skal vera í samræmi við Samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla (nr. 636/12. nóv. 1997) -Lög um náttúruvernd nr. 60/2013. (2. gr., 61. gr.) -Náttúruverndaráætlun. -Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020. -Vatnalög nr. 20/2006 -Stefnumörkun Íslands um framkvæmd samnings um líffræðilega fjölbreytni -Reglugerð nr. 798/1999 um fráveit og skólp -Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns -Staðardagskrá 21, Mosfellsbær – sjálfbært samfélag. Stefnumótun Mosfellsbæjar til 2020 -Heimsmarkmiðin Markmið Sameinuðu Þjóðanna um sjálfbæra þróun. Reglugerð 583/2000 um innflutning og ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda. -Alþjóðasamþykkt um fuglavernd (París 1950). -Samningur um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979). -Samningur um líffræðilega fjölbreytni (Ríó 1992). -Rammassamningur sameinuðu þjóðanna um Loftslagsbreytingar -Kýótóbókunin 1997-2020. Parísarsamkomulagið 2021-2030

Heilsa	0	+	Deiliskipulagstillagan er til þess falinn að stuðla að aukinni útvist og hreyfingu og félagslegu samneyti bæjarbúa og hafa þannig jákvæð áhrif á lýðheilsu, andlega og líkamlega.	-Aðalskipulag Mosfellsbærar 2011-2030. Landnotkun. Mosfellsbær leggur áherslu á góð búsetuskilyrði í fallegu og öruggu umhverfi. -Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020. II.5 Útvist í sátt við náttúruna og kafla. -Reglugerð nr. 798/1999 um fráveit og skólp -Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns -Staðardagskrá 21, Mosfellsbær – sjálfbært samfélag. Stefnumótun Mosfellsbærar til 2020. -Heimsmarkmiðin Markmið Sameinuðu Þjóðanna um sjálfbæra þróun. -Rammassamningur sameinuðu þjóðanna um Loftslagsbreytingar -Kýótóbókunin 1997-2020. Parísarsamkomulagið 2021-2030
Hagrænir og félagslegir þættir	0/-	+	Með uppbryggingu Ævintýragarðs verður til aðráttarafl í bæjarfélagini sem mun laða að gesti úr nágrannasveitarfélögum til útvistariðkunar sem og næturgesta víðar að sem munu nýta sér tjaldsvæðið og aðra þjónustu á svæðinu og hafa þannig jákvæð áhrif á félagslega og hagræna þætti.	-Aðalskipulag Mosfellsbærar 2011-2030 Opin svæði til sérstakra nota. Efla skal íþróttá- og tómstundastarf íbúa Mosfellsbær með það að markmiði að stuðla að aukinni hreyfingu og útvist sem eflir andlegt og líkamlegt heilbrigði og hefur því forvarnargildi. Stefnt er að því að skilgreina nýtt hesthúsasvæði í sveitarfélagini til þess að svara þeirri þörf sem skapast þegar númerandi hverfi verður fullbyggt. Ákvarðað verði hvernig fullnýta megi númerandi svæði. Haldið skal áfram uppbryggingu reiðleiða innan bæjarfélagsins með góðum tengingum við nágrannasveitarfélög. Landnotkun. Mosfellsbær leggur áherslu á góð búsetuskilyrði í fallegu og öruggu umhverfi. -Lög um menningarminjar nr. 80/2012 -Lög um náttúruvernd nr. 60/2013 -Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020. -Staðardagskrá 21, Mosfellsbær – sjálfbært samfélag. Stefnumótun Mosfellsbærar til 2020 -Heimsmarkmiðin Markmið Sameinuðu Þjóðanna um sjálfbæra þróun.
Náttúru- og menningarminjar	0/-	0/+	Tillagan tekur fullt tillit til svæða á náttúruverndaráætlun og gengur ekki á eða rýrir þau á neinn hátt. Tillöguggerðin varð til þess að svæðið í heild var fornleifaskráð, sem er forsenda þess að hægt sé að vernda þær minjar sem finnast á svæðinu, eftir atvikum gera þeim hátt undir höfði og miðla	-Aðalskipulag Mosfellsbærar 2011-2030: Náttúruvernd og náttúrumínjar. Gera skal ráð fyrir góðu aðgengi að þeim svæðum sem mikilvæg eru fyrir útvist og náttúruskoðun. Umhverfismál. Leggja skal áherslu á varðveislu óspilltrar náttúru. Umgengni á vatnsverndarsvæðum og nýting þeirra skal vera í samræmi við Samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla (nr. 636/12. nóv. 1997) -Lög um menningarminjar nr. 80/2012. -Lög um náttúruvernd nr. 60/2013 -Náttúruverndaráætlun.

		upplýsingum og fróðleik til gesta svæðisins, íbúa bæjarins og annarra áhugasamra.	-Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020. -Staðardagskrá 21, Mosfellsbær – sjálfbært samfélag. Stefnumótun Mosfellsbæjar til 2020. -Rammassamningur sameinuðu þjóðanna um Loftslagsbreytingar. Kýótóbókunin 1997-2020. Parísarsamkomulagíð 2021-2030
Landslag	0	<p>Tjaldsvæðið verður staðsett á þegar röskuðu svæði í suðvestur-jaðri Ævintýragarðsins, í nálægð við Vármárskóla, utan hverfisverndarsvæða. Staður fyrirhugaðs tjaldsvæðis eru um 1 ha og því mun fylgja þjónustubygging. Tjaldsvæðið verður á þegar röskuðu svæði en undirbyggja þarf tjaldsvæði, móta landið og sléttu, þökuleggja, gróðursetja og malbika aðkomu og bílastæði.</p> <p>Nokkur gróðursetning og trjárækt verður á svæðinu sem mun í einhverjum tilvikum hafa áhrif á ásýnd þess en með jákvæðum hætti. Þess verður gætt að stýra gróðursetningu þannig að verðmæt og vernduð svæði verði ekki fyrir raski af hennar völdum.</p>	<p>-Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2011-2030: Opin svæði til sértakra nota. Efla skal íþróttá- og tómstundastarf íbúa Mosfellsbæjar með það að markmiði að stuðla að aukinni hreyfingu og útvist sem eflir andlegt og líkamlegt heilbrigði og hefur því forvarnargildi. Stefnt er að því að skilgreina nýtt hesthúasvæði í sveitarfélagini til þess að svara þeirri þörf sem skapast þegar núverandi hverfi verður fullbyggt. Ákvarðað verði hvernig fullnýta megi núverandi svæði. Haldið skal áfram uppbyggingu reiðleiða innan bæjarfélagsins með góðum tengingum við nágrennarsveitarfélög. Umhverfismál. Leggja skal áherslu á varðveislu óspilltrar náttúru. Umgengni á vatnsverndarsvæðum og nýting þeirra skal vera í samræmi við Samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla (nr. 636/12. nóv. 1997) - Lög um náttúruvernd nr. 60/2013 - Náttúruverndaráætlun. - Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020. - Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018-2030.</p>

5.6. Niðurstaða umhverfismats

Umhverfisáhrif deiliskipulagsins eru jákvæð eða óveruleg. Skipulagið hefur jákvæð áhrif á heilsu, hagræna og félagslega þætti, náttúru- og menningarminjar þar sem það tekur fullt tillit náttúru- og menningarminjar en með uppbyggingu garðsin verður til aðráttarafls í bæjarfélaginu laðar að gesti. til útvistariðkunar sem stuðlar að aukinni hreyfinu og félagslegu samneyti bæjarbúa.

6. KYNNING OG SAMRÁÐ

Skipulagslýsing var send eftirtöldum aðilum til umsagnar og . Einnig verður tillagan auglýst og aðgengileg almenningi á skrifstofu sveitarfélagsins og heimasíðu.

- Skipulagsstofnun.
- Umhverfisstofnun.
- Minjastofnun Íslands.
- Fiskistofa.
- Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis.
- Vegagerðin
- Veitur
- Skógræktarfélag Mosfellsbæjar.
- Mennta- og menningarsvið Mosfellsbæjar.
- Hestamannafélagið Hörður og reiðveganefnd Hestamannafélagsins Harðar.
- Hlaupa- og hreyfihópar í Mosfellsbæ.
- Slökkviliðið
- Afturelding
- Hjólreiðasamband Ísland
- Félag eldriborgara
- Öldungaráð Mosfellsbæjar

- Notendaráð Mosfellsbæjar
- Ungmennaráð Mosfellsbæjar
- Skátafélagið Mosverjar
- Reykjalandur



Mynd 12. Hluti skipulagssvæðisins á fallegum vetrardegi. Mynd: Landmótun.

7. HEIMILDIR

Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner, Guðmundur Ólafsson, Águst Ó. Georgsson, Kristinn Magnússon og Bjarni F. Einarsson, 2006. Skráning fornleifa í Mosfellsbæ. Þjóðminjasafn Íslands.

Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2011-2030.

Aðgeðaráætlun í loftslagsmálum 2018-2030. 2018. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið.

Alþjóðasamþykkt um fuglavernd (París 1950). Stj.tíð.A 14/1956

Heimsmarkmiðin. Markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.
<https://www.un.is/heimsmarkmidin/>

Höfuðborgarsvæðið 2040. Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2040.

Lög nr. 106/2000 m.s.br. um mat á umhverfisáhrifum.

Lög nr. 80/2012, um menningarminjar.

Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála

Náttúruverndaráætlun.

<https://www.ust.is/einstaklingar/natura/natturuverndaraetlun/#nattv-2009-2013>

Náttúruminjaskrá Umhverfisstofnunar.

<https://www.ust.is/einstaklingar/natura/naturuminjaskra/sudvesturland/>

Framkvæmdaáætlun Náttúruminjaskrár (B-hluti).

<https://www.ni.is/midlun/naturuminjaskra>

Listi Umhverfisstofnunar yfir friðlýst svæði.

<https://www.ust.is/einstaklingar/natura/fridlyst-svaedi/>

Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (loftslagssamningurinn), Kýótó-bókunin og Parísarsáttmálinn.

<https://www.ust.is/einstaklingar/loftslagsbreytingar/skuldbindingar/>

Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Reglugerð 583/2000 um innflutning og ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda.

Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns.

Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu(Bern 1979).

Samningur Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni (Ríó 1992).

Höfuðborgarsvæðið 2040. Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015-2040.

Skipulagsstofnun, 2005. Leiðbeiningar um flokkun umhverfispáttta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa.

Skipulagsstofnun 2007. Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana.

Skipulagsög nr. 123/2010.

Mosfellsbær – sjálfbært samfélag. Staðardagskrá 21, Stefnumótun Mosfellsbæjar til 2020. Mosfellsbær 2009. <http://www.mosfellsbaer.is/library/Skrar/.pdf-skjal/Umhverfismal/sjalfbaerni/Mos2020.pdf>

Stefnumörkun Íslands um framkvæmd samnings um líffræðilega fjölbreytni.

Framkvæmdaáætlun. 2008. Umhverfisráðuneytið.

https://www.stjornarradid.is/media/umhverfisraduneyti-media/media/PDF_skrar/liffjolbreytni.pdf

Umhverfisráðuneytið 2002. Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020. Umhverfisráðuneytið.

Vatnalög nr. 20/2006.

Vistgerðarkort Náttúrufræðistofnunar Íslands.

<http://vistgerdakort.ni.is/index.html?extent=359137.7732%2C406755.9109%2C371837.7986%2C413707.8519%2C3057>

8. MYNDASKRÁ

Mynd 1. Deiliskipulagssvæðið og helstu kennileiti.	5
Mynd 2. Börn að leik í skátaleiktækjum. Mynd: Landmótun.	6
Mynd 3. Vindatlas Veðurstofu Íslands sem gefur hugmynd um vindafar á svæðinu.	7
Mynd 4. Uppgræðsla er hafin á hluta skipulagssvæðisins. Mynd: Landmótun.	8
Mynd 5. Hluti af Aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030.	8
Mynd 6. Horft yfir hluta deiliskipulagsvæðisins. Mynd: Landmótun.	10
Mynd 7. Skýringarmynd úr Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2015-2040. .	10
Mynd 8. Horft yfir hluta deiliskipulagssvæðisins. Mynd: Landmótun.	11
Mynd 9. Hluti núverandi stígakerfis á skipulagssvæðinu. Mynd: Landmótun.	11
Mynd 10. Varmá. Mynd: Landmótun.	13
Mynd 11. Votsvæði. Mynd: Landmótun.	17
Mynd 12. Hluti skipulagssvæðisins á fallegum vetrardegi. Mynd: Landmótun.	22